

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 11. febrúar 2020:

Lagt er til að farið verði strax í bráðabirgðaaðgerðir til að tryggja umferðaröryggi við Dalskóla í ljósi þess að ekki verður farið í framkvæmdir fyrr en í sumar til að bæta umferðaröryggi á helstu göngu- og hjólaleiðum barna til og frá skóla. Dalskóli stendur við mikla umferðargötu, þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing slæm og því brýnt að gripið verði til bráðbirgðaráðstafana hið allra fyrsta.